

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. desember 2016
RMF16100005

8.2

Efni:

***Samkomulag Reykjavíkurborgar og
Faxaflóahafna sf. vegna aðstöðu
Viðeyjarferju***

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 24. október var samkomulag Reykjavíkurborgar og Faxaflóahafna sf. vegna aðstöðu Viðeyjarferju við Skarfavör í Sundahöfn og Bæjarvör í Viðey lagt fram. Það er nú sent borgarráði til samþykktar.

f.h. menningar- og ferðamálaráðs

Auður Halldórsdóttir

verkefnastjóri
Skrifstofa Menningar- og ferðamálaráðs

Hér með gera Faxaflóahafnir sf., annars vegar, og Reykjavíkurborg, hins vegar, með sér eftirfarandi samkomulag vegna aðstöðu Viðeyjarferju við Skarfavör í Sundahöfn og Bæjarvör í Viðey.

1. Faxaflóahafnir sf. eru eigandi viðlegumannvirkja við Skarfavör og í Viðey, sem notuð eru vegna siglingar Viðeyjarferjunnar. Faxaflóahafnir sf. annast rekstur þeirra mannvirkja og viðhald. Faxaflóahafnir annast einnig uppsetningu vegvísa í Klettagörðum og viðhald þeirra.
2. Reykjavíkurborg annast útboð og samninga vegna þeirra þjónustuaðila sem annast siglingar milli Skarfabakka og Viðeyjar. Í þeim samningum er m.a. gert ráð fyrir aðstöðu við þau viðlegumannvirki sem Faxaflóahafnir sf. leggja til, auk svæðis við Skarfavör undir þjónustuhús og aðgang að bílastæðum þar í grenndinni.
3. Faxaflóahafnir sf. hafa á verðlagi ársins 2016 lagt fram vegna framkvæmda um 173,0 mkr. frá árinu 1990. Greiðslur Reykjavíkurborgar frá þeim tíma hafa gengið til greiðslu rekstrarkostnaðar og hluta afskrifta þeirra mannvirkja sem gerð hafa verið. Miðað hefur verið við að framlag Reykjavíkurborgar standi undir 50% heildarkostnaðar.
4. Frá og með 1. janúar 2008 eru aðilar sammála um að framlag Reykjavíkurborgar vegna stofnkostnaðar og rekstrar núverandi mannvirkja aðstöðu á landi við Skarfavör og aðgengi að bílastæðum nemi kr. 10.600.000 og greiðist sú fjárhæð árlega til og með árinu 2018 að teknu tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs miðað við janúar 2016. Gjaldið skal greiða árlega í tvennu lagi, fyrri helming þann 1. mars og seinni helminginn 1. september.
5. Aðilar eru sammála um að skoða áfram aðgengi fólks að Viðey. Finnist ásættanleg lausn munu aðilar í framhaldi taka upp viðræður um viðaukasamkomulag varðandi framkvæmd þeirra og fjármögnun.
6. Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki stjórnar Faxaflóahafna sf. og borgarráðs.

Reykjavík október 2016

F.h. Faxaflóahafna sf.:

Gísli Gíslason,
Hafnarstjóri

F.h. Reykjavíkurborgar:

Guðbrandur Benediktsson
Borgarsögusafn Reykjavíkur